



Gjaldskrá

Þóknun fyrir vinnu og nám og upphæð dagpeninga til fanga

1. gr.

Fyrir störf afplánunarfanga í fangelsum skulu þeir hljóta eftirfarandi þóknun:

1. Fyrir ræstingastörf, þrif í eldhúsi og sambærileg störf skal greiða 335 krónur á klukkustund.
2. Fyrir skólasókn í fangaskóla, störf í þvottahúsi, almennt viðhald, heyvinnu, lóðarsnyrtingu, pökkun, umbrotsvinnu og sambærileg störf skal greiða 380 krónur á klukkustund.
3. Fyrir brettasmíði, vinnu á járnsmíðaverkstæði, númeragerð, pappáskju-framleiðslu, steypuframleiðslu, vinnu á trésmíðaverkstæði, vélaviðgerðir og sambærileg störf skal greiða 415 krónur á klukkustund.
4. Fyrir flokksstjórn skal greiða 440 krónur á klukkustund.

2. gr.

Fyrirkomulag ákvæðisvinnu vegna beitningar- og línu- og netavinnu í Fangelsinu Kvíabryggju og Fangelsinu Litla-Hrauni skal vera með eftirfarandi hætti:

Beitning með síld	1.300 kr/500 krókar
Beitning með loðnu eða síli	1.425 kr/500 krókar
Skurður á síld	155 kr/500 krókar
Línuuppstokkun	840 kr/500 krókar
Áhnýting	1.670 kr/500 krókar
Þorskanet, pípur	370 kr/stk.
Þorskanet, afskurður	570 kr/stk.
Þorskanet, felling	630 kr/stk.
Grásleppunet, pípur	315 kr/stk.
Grásleppunet, afskurður og felling	350 kr/stk.

Sé krókatala lægri en 500 skal greiða hlutfall af tilgreindum fjárhæðum.

3. gr.

Þegar gæsluvarðhaldsfangar vinna í fangelsum skal þeim greidd þóknun fyrir störf sín með sama hætti og að ofan greinir.

4. gr.

Fjárhæð dagpeninga fanga skal vera 630 krónur á dag. Dagpeningar skulu einungis greiddir virka daga frá mánudegi til föstudags.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er sett af Fangelsismálastofnun ríkisins og byggist á heimild í 4. gr. reglugerðar um fullnustu refsinga nr. 961/2005. Gjaldskráin öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá um þóknun fyrir vinnu og nám og upphæð dagpeninga fanga frá 1. febrúar 2008.

Fangelsismálastofnun ríkisins, 17. október 2011

Páll E. Winkel (sign.)